ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Gufuár.

Jörð	**Einingar**
Beigaldi	18
Birkiból	32
Brennistaðir	34
Eskiholt I	32
Eskiholt II	32
Gufuá	64
Holt	1
Krummshólar	225
Laxholt	94
Litla Fjall	3
Staðarhús	24
Valbjarnarvellir I	48
Valbjarnarvellir II	47
Ölvaldsstaðir I	34
Ölvaldsstaðir III	62
Ölvaldsstaðir IV	250
Samtals einingar	*1000*

Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veiðifélags Gufuár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2005.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

Á eftir grein 01.104 reglugerðarinnar kemur ný grein, 01.105, sem verður þannig orðuð:

01.105 Námuökutæki.

(1) Ökutæki sem er vörubifreið eða eftirvagn sem getur verið hannað stærra en hámarksgildi í reglugerð þessari segja til um og ætlað er til efnisflutninga utan vega og innan afmarkaðra vinnusvæða.

2. gr.

Grein 01.206 reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Á eftir grein 03.70 reglugerðarinnar kemur ný grein, 03.105, sem verður þannig orðuð:

03.105 Námuökutæki.

(1) Við viðurkenningu til skráningar á námuökutæki skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)a og 03.05 (3)a. Þó skal framvísa upplýsingum um merkingu tákna í verksmiðjunúmeri eftir því sem við á. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

4. gr.

Grein 03.206 reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

16. júní 2005 Nr. 648

REGLUGERÐ

um rétt lögmanna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu hér á landi.

1. gr.

Með lögmanni er í reglugerð þessari átt við þann sem er ríkisborgari í öðru EES-ríki og rétt hefur til að starfa undir einhverju eftirtalinna starfsheita:

í Austurríki	Rechtsanwalt
í Belgíu	Avocat/Advocaat/Rechtsanwalt
í Danmörku	Advokat
í Eistlandi	Vandeadvokaat
í Finnlandi	Asianajaja/Advocat
í Frakklandi	Avocat
í Grikklandi	Dikhgoroq (Dikigoros)
í Hollandi	Advocaat
á Írlandi	Barrister/Solicitor
á Ítalíu	Avvocato
á Kýpur	Δικηγόρος
í Lettlandi	Zverinats advokats
í Liechtenstein	Rechtsanwalt
í Litháen	Advokatas
í Luxembourg	Avocat
á Möltu	Avukat/Prokuratur Legali
í Noregi	Advokat
í Portúgal	Advogado